„Auðvitað geri ég það“, sagði Barnes. „Karlmaðurinn og kvennmaðurinn skildu þegar þau komu yfir um hingað, til þess að vekja engan grun. Konan fékk aðgang að herbergjum í sama húsinu, sem unnusta yðar var í, með svikum, en Molitaire hafði aðsetur sitt á Hoffman hótelinu, sem er mjög nálægt hótelinu er þér hélduð til á. Strax og þér fóruð til Boston, til að sækja gimsteinana, fylgdu þau yður eftir þangað og fengu sér auðvitað herbergi á sama hótelinu þar, sem þér settust að á. Þér fenguð gimsteina yðar út af tollhúsinu og fóruð með þá á herbergi yðar, og á meðan þér voruð úti í borginni fóru þau, Molitaire og konan, inn í herbergi yðar og stálu gimsteinunum. Hugmynd yðar um, hvað morðinginn hafðist að eftir að þér voruð búinn að ná gimsteinunum aftur, er að líkindum algerlega rétt. Hann kom til baka frá New Haven til New York, til að leita að gimsteinunum, í þeirri von, að konan hefði ekki látið þá í handtöskuna, eða, öllu heldur, að hún hefði tekið gimsteinana úr töskunni, sem þér sjálfur létuð þá í. Ég held að það sé nú ekkert atriði eftir, sem ekki hefur verið skýrt til hlítar“.

„Fyrirgefið mér“, sagði Mr. Thauret við leynilögreglumanninn, „ég held að yður skjátlist mjög í þessu. Að mínu áliti hafið þér enn ekki sýnt, að þessi maður— hvað nefnduð þér hann nú aftur? Jean Molitaire, eða var ekki svo? Jæja, ég get ekki séð, að þér hafið rakið glæpinn til hans“.

„Ég álít nú samt, að ég hafi gert það“, sagði Mr. Barnes.